



EINING-ÍÐJA

FÉLAGSBLAÐ

2. tölublað
8. árgangur
Mars 2006

Orlof 2006

Bls. 14



*Various
items of
information*

Bls. 19-27



*Orlofshúsin
2006*

Bls. 28



ข้อมูลทั่วไปที่ควรทราบต่างๆ

**Útgefandi: Eining-Iðja**

Skipagötu 14

600 Akureyri

Sími 460 3600

Bréfasími 460 3601

www.ein.is

Ábyrgðarmaður:

Björn Snæbjörnsson

**Umsjón, textagerð
og prófarkalestur:**Fremri kynningarþjónusta,
Þórsstíg 4, Akureyri.

Sími: 461 3666

Bréfasími: 461 3667.

Netfang: fremri@fremri.is

Þýðingar:Andrea Sompit Siengboon og
Rafn Kjartansson**Auglýsingar:**P. J. auglýsinga-
og markaðsþjónusta.

Símar 566 8262 & 861 8262.

Bréfasími 566 8236.

Netfang: pj@pj.is

Forsíðumynd:

Þann fjórða febrúar sl. var verið
SAMSTADA eftir listamanninn Nóa
afhjúpað með viðhöfn í tilefni af aldarafmæli
samfellds verkalýðsstarfs við Eyjafjörð.
Mynd: Ásgrímur Örn Hallgrímsson

Prentvinnsla:

Ásprent ehf.

Frjálst er að nota efni úr blaðinu, í heild eða
hluta, þó þannig að heimildar sé getið.

Efnisyfirlit

- 4** Orlof 2006
- 4** Úthlutun orlofshúsa
- 4** Vika að eigin vali
- 6** Aldarafmæli samfellds verkalýðsstarfs við Eyjafjörð
- 8** Ríkismennt hækkar styrki
- 8** Orlofshús í Danmörku
- 10** Íbúð í Kaupmannahöfn
- 11** Orlofsferðir sumarsins
- 12** Hækkun einstaklingsstyrkja Landsmenntar
- 12** Aðalfundur deilda Einingar-Iðju 2006
- 12** Vinningshafar úr Jólalablaði Einingar-Iðju
- 13** Margir nýta sér styrkina frá Landsmennt
- 13** Hækkun gat orðið meiri en 2,5%
- 13** Lengri opnunartími
- 14** Various item of information
(Upplýsingar á ensku)
- 16** Orlofsstaðir Einingar-Iðju 2006
- 16** Ýmsar gagnýtar upplýsingar um
orlofshúsnaði félagsins
- 17** Umsóknareyðublað
- 19** Orlofshúsin 2006
- 28** ข้อมูลทั่วไปที่ควรทราบต่างๆ
(Upplýsingar á thailensku)
- 30** Átt þú rétt á að fá orlofsuppbót?
- 30** Afsláttur hjá Edduhótelum



Hafnarstræti 92
Sími 462 1818
www.bautinn.is






NORÐURORKA
VATN · RAFORKA · VARMÍ
undirstaða lífs, heilsu og völmegunar




www.no.is

RANGÁRVÖLLUM · PÓSTHÓLF 90 · 602 AKUREYRI
SÍMI: 460 1300 · FAX: 460 1301 · NETFANG: nordurorka@akureyri.is

Tryggingadeild - Nafnávöxtun



Séreignardeild - Nafnávöxtun 2005



Tryggingadeild 2005

Nafnávöxtun	18,7%
Raunávöxtun	14,0%
Fjöldi sjóðfélaga	12.308
Fjöldi launagreiðenda	1.608
Fjöldi lífeyrisþega	3.952
Hlutfallsleg skipting lífeyris:	
Ellilífeyrir	34,3%
Örorkulífeyrir	21,4%
Makalífeyrir	5,0%
Barnalífeyrir	1,9%

Samsetning eigna:

Skráð verðbréf með breytilegum tekjum	43%
Skráð verðbréf með föstum tekjum	51%
Óskráð verðbréf með breytilegum tekjum	2%
Óskráð verðbréf með föstum tekjum	1%
Veðlán	2%
Aðrar eignir	2%

Skipting eigna eftir gjaldmiðlum:

Eignir í íslenskum krónum	70%
Eignir í erlendum gjaldmiðlum	30%

Eignir umfram heildarskuldbindingar	-1%
Eignir umfram áfallnar skuldbindingar	10%

Rekstrarkostnaður í % af eignum	0,13%
Stöðugildi	8,1

Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris

(tölur í þúsundum króna)

	2005	2004
Iðgjöld	2.131.937	1.917.150
Lífeyrir	-1.267.397	-1.137.343
Fjárfestingartekjur	7.568.920	6.061.662
Fjárfestingargjöld	-31.793	-28.579
Rekstrarkostnaður	-60.221	-56.511
Hækkun á hreinni eign á árinu	8.341.446	6.756.379
Hrein eign frá fyrra ári	39.167.662	32.411.283
Hrein eign til greiðslu lífeyris	47.509.109	39.167.662

Efnahagsreikningur í árslok

(tölur í þúsundum króna)

	2005	2004
Verðbréf með breytilegum tekjum	21.464.789	15.704.432
Verðbréf með föstum tekjum	24.094.178	19.645.713
Veðlán	785.651	1.250.291
Bankainnistæður	764.938	904.783
Aðrar fjárfestingar	0	467.840
Fasteignir	75.200	76.800
Veltiinnlán og aðrar eignir	493.192	868.459
Kröfur	252.336	285.039
Skuldir	-421.175	-35.694
Hrein eign samtals	47.509.109	39.167.662
Hrein eign Tryggingadeild	45.904.494	37.983.696
Hrein eign Séreignardeild	1.604.614	1.183.966
	47.509.109	39.167.662

Séreignardeild 2005

Safn I	
Nafnávöxtun	17,0%
Raunávöxtun ársins	12,3%
Safn II	
Nafnávöxtun	27,5%
Raunávöxtun ársins	22,5%

Stjórn

Kristján Þór Júlíusson formaður	Einar Einarsson
Signý Jóhannesdóttir varaformaður	Jón Karlsson
Ágúst Óskarsson	Kristján Björn Garðarsson
Björn Snæbjörnsson	Sirry Hrönn Haraldsdóttir
Framkvæmdastjóri: Kári Arnór Kárasen	

Orlof 2006

Ágætu félagar!

Efni orlofsblaðs Einingar-löju er með hefðbundnu sniði. Megináhersla er lögð á að kynna þau orlofshús sem félagið hefur til umráða og leigu til félagsmanna á komandi sumri. Sem fyrr býður félagið orlofshús af mismunandi stærðum og gerðum, í mismunandi umhverfi og í öllum landshlutum, auk orlofshúss í Danmörku, sem félagið hefur til umráða í samvinnu við KJÖL, stéttarfélag starfsmanna í almannatjónustu.

Eining-löja hefur tekið á leigu íbúð miðsvæðis í Kaupmannahöfn og geta félagsmenn fengið hana leigða í sumar. Um er að ræða 12 vikur á tímabilinu 30. maí til 29. ágúst. Allar nánari upplýsingar eru veittar á skrif-

stofu Einingar-löju á Akureyri, í síma 460 3600, sigrun@ein.is eða á www.ein.is. Tekið verður við umsóknum út mars og úthlutað í byrjun apríl. Hægt er að skrá sig á skrifstofunni eða á heimasíðunni.

Að venju eru félagsmenn einnig minntir á réttindi sín varðandi orlof, orlofstöku og orlofsuppbót. Sagt er frá orlofsferðum sumarsins, sem eru þrjár að venju, og einnig er sagt frá í máli og myndum afmælissýningu, sem sett var upp í tilefni af 100 ára afmæli samfellds verkalyðsstarf við Eyjafjörð, og afhjúpun minnisvarðans SAMSTÖÐU.

Ritnefnd Einingar-löju óskar félagsmönnum alls hins besta í komandi orlofi.

Úthlutun orlofshúsa

Punktakerfi tryggir sanngirni

Það er mjög eftirsótt meðal félagsmanna Einingar-löju sem og annarra landsmanna að fá að dvelja í orlofshúsum í einhvern tíma í sumarleyfum eða á öðrum tíma. Því þarf að vanda til úthlutunar til þess að allrar sanngirni sé gætt.

Til þess að gæta sem mestrar sanngirni við úthlutun orlofshúsa og orlofsíbúða hefur félagið notað og þróað punktakerfi sem þykir hafa reynst vel. Hver félagsmaður vinnur sér inn einn punkt fyrir hvern mánuð sem hann greiðir til félagsins. Engu máli skiptir hve há upphæð félagsgjaldsins er í hverjum mánuði. Þeir sem síðan hafa safnað flestum punktum þegar kemur að úthlutun ganga fyrir þegar mikil ásókn er í húsin. Þegar félags-

maður fær úthlutað tíma í orlofshúsi dregst tiltekinn punktafjöldi frá inneign viðkomandi þannig að tryggt er að þeir, sem fá úthlutað dvöl í orlofshúsi, eru ekki áfram efstir á blaði, en halda þó auðvitað áfram að safna sér punktum fram að úthlutun næsta árs með því að greiða félagsgjöld.

Frádráttur orlofspunkta er mismunandi eftir tímabilum og eftir því hvað er leigt:

Orlofshús á tímabilinu 16. júní til 23. ágúst	36 punktar.
Orlofshús fyrir 16. júní eða eftir 23. ágúst	24 punktar.
Orlofshús í Danmörku	18 punktar.
Íbúð í Kaupmannahöfn	36 punktar.
Víka að eigin vali	allt að 18 punktar.

Víka að eigin vali!



Víka að eigin vali er t.d. hægt að nota sem greiðslu upp í beint flug frá Akureyri til Kaupmannahafnar. Myndin er tekin á Strikinu í Kaupmannahöfn.


Eining-löja hefur ákveðið að verja allt að kr. 1.250.000 í það sem kallast „Víka að eigin vali“ á árinu 2006. Félagsmenn geta sótt um 100 slíka styrki, hver að upphæð kr. 12.500, og er styrkloforðum úthlutað eins og orlofshúsunum. Hægt er að nota fjárhæðina t.d. til leigu á orlofshúsi, hótélherbergi,

tjaldvagni eða fellihýsi, sem greiðslu upp í orlofsferð inn- anlands eða erlendis, allt eftir óskum hvers og eins. Það er t.d. hægt að nota þetta í flug með Iceland Express sem býður Norðlendingum upp á flug frá Akureyri til Kaupmannahafnar alla þriðjudaga og næstum því alla fimmtudaga í sumar. Hámark á hvern félagsmann er eins og áður segir kr. 12.500, en þó aldrei hærri en 50% af kostnaði.

Dregnir verða 18 punktar af félagsmönnum fyrir þá sem nýta sér alla upphæðina og hlutfallslega fyrir lægri upphæð. Greiðsla fer fram eftir að ferðalagi lýkur, en félagsmenn þurfa að framvísa reikningi fyrir dvöl eða ferð.

ATH! Framvísa þarf löglega númeruðum vsk.-reikningum!

Bókanir: 444 4000
hoteledda@hoteledda.is



ML Laugarvatn
444 4810

ÍKÍ Laugarvatn
444 4820

Skógar
444 4830

Vík í Mýrdal
444 4840

Nesjaskóli
444 4850

Neskaupstaður
444 4860

Egilsstaðir
444 4880

Eiðar
444 4870

Vopnafjörður
473 1840

Stórutjarnir
444 4890

Akureyri
444 4900

Laugarbakki
444 4920

Ísafjörður
444 4960

Laugar í Sælingsdal
444 4930

Hellissandur
444 4940

*Út í náttúruna
út í gersemar landsins*

Hótel Edda - Allan hringinn



www.hoteledda.is

Aldarafmæli samfellds verkalyðsstarfs við Eyjafjörð



Ýmsir komu færandi hendi og gáfu félaginu gamla muni.

Eining-löja hélt upp á 100 ára afmæli samfellds verkalyðsstarfs við Eyjafjörð á veglegan hátt dagana 4. og 5. febrúar síðastliðinn. Sett var upp sýning í húsakynnum félagsins og mætti fjöldi manns á svæðið, skoðaði myndir og muni frá liðinni tíð og þáði kaffi og meðlæti. Lónaðarsafnið var einnig opið þessa daga bæjarbúum að kostnaðarlausu.

Gefið var út veglegt afmælisblað í tilefni hátíðarhaldanna, þar sem rifjuð voru upp atvik úr verkalyðsbaráttu liðinna ára og saga verkalyðsfélaganna sögð í stuttu máli. Var blaðinu dreift á öllu Eyjafjarðarsvæðinu.

SAMSTAÐA

Af þessu tilefni var einnig afhjúpaður minnisvarðinn „Samstaða“ á Oddeyrartanga, skammt vestan Eimskipa-félagshússins. Minnisvarðinn er gjöf KEA til hins vinnandi manns, en minnisvarðinn var unninn af listamanninum Jóhanni Ingimarssyni - Nóa.

Forseti Íslands, Hr. Ólafur Ragnar Grímsson, sótti Akureyringa heim af þessu tilefni og heiðrari verkalyðsfélögin með því að afhjúpa minnisvarðann. Fleiri myndir frá afmælishátíðinni má finna á www.ein.is

Myndir: Myndrún/Rúnar Þór og Fremri kynningarþjónusta



Alls komu um 500 gestir á afmælissýninguna, skoðuðu muni og myndir og þáðu kaffi og meðlæti.



Hr. Ólafur Ragnar Grímsson gluggar hér í gamla fundargerðabók, en ýmsir gamlir munir og myndir voru til sýnis á afmælissýningunni. Þorsteinn E. Arnórsson og Björn Snæbjörnsson fylgdu forsetanum í gegnum sýninguna.



Lúðrasveit Akureyrar lét ekki smá vind slá sig útaf laginu og lék tvö lög fyrir hátíðargesti.



Það er gott að eiga mynd af merkur gripum!



Spáð í „spilin“



Forseti Íslands, Hr. Ólafur Ragnar Grímsson, og Björn Snæbjörnsson, formaður Einingar-löju, afhjúpuðu minnisvarðann SAMSTÖÐU. Halldór Jóhannsson, framkvæmdastjóri KEA, fylgist með.



F.v. Björn Snæbjörnsson, formaður Einingar-löju, Halldór Jóhannsson, framkvæmdastjóri KEA, hr. Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, og listamaðurinn Jóhann Ingimarsson (Nói), höfundur verksins.



Nói við verk sitt SAMSTÖÐU, sem stendur á Oddeyrartanga og er verðugur minnisvarði verkalýðsfélaga á svæðinu.



Margir nýttu sér það að sýningin var opin á almennum skrifstofutíma vikuna á eftir afmælishátíðina og litu við.



Liðnar stundir rifjaðar upp yfir kaffi í bola og köku á disk.

Hér á ég heima

Hugsaðu vel um heimili þitt.
Þú ert öðrum fyrirmynd.

MIXA • ÍT

www.vinbud.is

VÍNBUÐ
lífur, lærum & njótum

Endurvinnslustöðvar Sorpu á 8 stöðum á höfuðborgarsvæðinu taka við flókum og dósum til flokkunar og endurnýtingar.

Góð þjónusta
á ellefu stöðum um allt land.

BÍLALEIGA
AKUREYRAR
— Holdur —

National
Car Rental

- þínar þarfir okkar þjónusta.

Fyrirspurnir og bókanir: 461-6000 | holdur@holdur.is | holdur.is

Við erum á eftirtöldum stöðum: Reykjavík | Keflavík | Borgarnes | Ólafsvík | Hafþórur
Sauðárkrúkur | Akureyri | Vopnafjörður | Egilsstaðir | Hólm í Hornafirði | Vestmannaeyjar

Ríkismennt hækkar styrki

Stjórn Ríkismenntar SGS ákvað á stjórnarfundum þann 20. febrúar sl. að hækka einstaklingsstyrki sjóðsins. Hækkunin tók gildi þann 1. janúar 2006. Þetta þýðir að það sem búið er að greiða af styrkjum vegna ársins 2006 þarf að leiðrétta m.t.t. hækkunarinnar.

Hækkunin er sem hér segir: Greitt er að hámarki kr. 44.000.- (var áður 35.000.-), aldrei er þó greitt meira en sem nemur 75% af námskostnaði og 90% þegar um er að ræða nám/námskeið sem er í beinu samhengi við starf viðkomandi.

Styrkur vegna aukinna ökuréttinda hækkar í kr. 81.000.- (var kr. 42.500.-) og getur viðkomandi einstak-

lingur einungis fengið þennan styrk einu sinni.

Þá hækka styrkir vegna tólstundanámskeiða í hámark kr. 15.000.- (var kr. 12.000.-) og er endurgreiðsla vegna þeirra 50% af kostnaði eins og áður var.

Styrkir vegna tólstundanámskeiða dragast jafnframt af heildarupphæð einstaklingsstyrks þess árs kr. 44.000.-

Ríkismennt SGS er þróunar- og símenntunarsjóður starfsmanna ríkisins á landsbyggðinni innan aðildarfélagar Starfsgreinasambands Íslands (SGS). Sjóðurinn tók formlega til starfa 1. júní 2005.

Orlofshús í Danmörku

Á komandi sumri gefst félagsmönnum í Einingu-löju kostur á að leigja sér orlofshús í Danmörku. Eining-löja og KJÓLUR, stéttarfélag starfsmanna í almannabjón-



Orlofshúsið í Danmörku er um 90 fermetrar að stærð.

ustu, hafa þetta hús saman á leigu fyrir félagsmenn sína sem vilja komast út fyrir landsteinana í sumarfríinu.

Upplýsingar um lausar vikur og móttaka umsókna er á skrifstofu Einingar-löju, Skipagötu 14 á Akureyri, í síma 460 3600 eða í netfanginu sigrun@ein.is. Best er að hafa samband sem fyrst.

Einbýlishús á Jótlandi

Húsið í Danmörku er 90 fermetra einbýlishús við Neesvej 53B, 7570 Vemb við Nissumfjörð á Jótlandi. Boðið er upp á leigu í eina eða tvær vikur frá júní fram í september.

Í húsinu eru tvö svefnherbergi með rúmum fyrir fjóra en einnig fylgja fimm lausar dýnur. Sængurfatnað er hægt að leigja á staðnum. Allur venjulegur búnaður er í húsinu. Borðbúnaður er fyrir átta manns.

Verð fyrir leigu á húsinu á Jótlandi í eina viku er 21 þúsund krónur og til viðbótar er leiguverð fyrir rúmföt, ef sá kostur er nýttur.



Aðalfundur Einingar-löju

Ákveðið hefur verið að aðalfundur Einingar-löju verði haldinn fimmtudaginn 27. apríl kl. 20 að fjórðu hæð Alþýðuhússins á Akureyri.

Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf.
2. Breytingar á reglugerð sjúkrasjóðs
3. Önnur mál.

Stjórnin



Góður háskóli eflir íslenskt atvinnulíf

Með miða í Happraætti Háskólans eflir þú Háskóla Íslands.



**HAPPRÆTTI
HÁSKÓLA ÍSLANDS**
vænlegast til vinnings

Íbúð í Kaupmannahöfn

Eining-löja hefur tekið á leigu íbúð miðsvæðis í Kaupmannahöfn og geta félagsmenn fengið hana leigða í sumar. Um er að ræða 12 vikur á tímabilinu 30. maí til 29. ágúst. Búið var að leigja íbúðina vikuna 6. til 13. júní og því er ekki hægt að sækja um þá viku.

Allar nánari upplýsingar og skráning eru veittar á skrifstofu Einingar-löju á Akureyri, í síma 460 3600, sigrun@ein.is eða á www.ein.is. Tekið verður við umsóknnum út mars og úthlutað í byrjun apríl.

Íbúðin leigist í viku í senn, leiguverð kr. 20.000. Skiptidagar verða á þriðjudögum. Punktafrádráttur er 36 punktar á hverja viku.

Björn Snæbjörnsson, formaður Einingar-löju, segir að eftir að Iceland Express hafi ákveðið að bjóða upp á beint flug frá Akureyri til Kaupmannahafnar í sumar þá hafi sú ákvörðun verið tekin að leita eftir íbúð í Kaupmannahöfn. „Við gátum tekið á leigu mjög góða íbúð í

Kaupmannahöfn á frábærum stað. Það eru íslensk hjón sem hana eiga, en þau ákváðu að vera heima á Fróni í sumar. Í íbúðinni er allt til alls og hún er vel tækjum búin. Við erum jú að leigja heimili þeirra.

Það má segja að ákvörðun um að leigja þessa íbúð sé viðbrögð við beinu flugi Iceland Express frá Akureyri til Kaupmannahafnar, það er ekki annað hægt en að fagna þessu framtaki og vonandi verður framhald þar á,” segir Björn.

Staðsetning

Íbúðin er við Skodsborggade 1, sem er lítil hliðargata við Nørrebrogade 195. Nørrebrogade er ein fjölfarnasta gatan í Kaupmannahöfn, þannig að þar er alltaf líf og fjör og stutt í matvörubúðir og alla þjónustu.

Göngufært er í bæinn, bein leið niður Nørrebrogade. Um 35 til 40 mínútna gangur er niður á Strikið. Strætósamgöngurnar eru líka mjög fínar, en 5A stoppar beint fyrir utan húsið. Hann fer t.d. á Nørreport, Rådhuspladsen og Hovedbanen. 350S, sem er hraðvagn, stoppar aðeins neðar í götunni. Hann stoppar meðal annars á Nørreport, Kongens Nytorv (Nyhavn) og Christians-

havns. Á Nørreport er hægt að taka Metró (M-lestin) til Fields, stærstu verslunarmiðstöðvar Skandinavíu og



Christianshavn, en þaðan er um 10 mínútna gangur í Christianíu.

Lýsing

Íbúðin er tæpir 90 m² og er á 4. hæð í lyftulausu húsi (eins og þau eru flest í Kaupmannahöfn). Í íbúðinni eru tvö svefnherbergi og eru þau bæði með hjónarúmi. Stofan er stór og rúmgóð og gott gólfpláss til að koma fyrir dýnum, sem eru til staðar í íbúðinni. Á staðnum eru sængur, koddar og þess háttar fyrir 6 manns og handklæði og allt í þeim dúr til staðar.

Í íbúðinni er uppþvottavél, ný þvottavél, nýr ofn og öll þau tæki og tól sem til þarf á heimili. Við húsið er lokaður bakgarður sem hægt er að spóka sig í og smá leiksvæði fyrir börn, þar er jafnframt læst geymsla fyrir kerrur og vagna.

Sjá nánar á www.ein.is



Orlofsferðir sumarsins

Að venju býður Eining-löja félagsmönnum sínum upp á þrjár orlofsferðir næsta sumar og er greint nánar frá þeim hér á eftir. Gleðilegt er að segja frá því að nægjanlega margir hafa skráð sig í ferð sem farin verður til Evrópu og staðfestist það hér með að sú ferð verður farin. Þegar blaðið fór í prentun voru enn örfá laus sæti í ferðina en hafa skal í huga að hámarksfjöldi er 50 manns og því best fyrir þá, sem hug hafa á að fara með, að athuga með miða í ferðina sem fyrst.



Sigluförður - Hólar í Hjaltadal

Eins dags ferð fyrir aldraða Einingar-löjufélaga verður farin laugardaginn 19. ágúst nk. Ekið verður til Siglufjarðar. Þar verður matast og Sildarminjasafnið skoðað. Til baka verður haldið um Fljótin og Skagafjörð og drukkið kaffi á Hólum. Þá ekið til baka til Akureyrar

Ferðin kostar 3.000 krónur á mann.

Snæfellsnes

Fjögurra daga síðsumarferð verður farin á Snæfellsnes 10. til 13. ágúst nk., ef næg þátttaka fæst. Gist verður í svefnpokaplássum tvær nætur í Stykkishólmi, eina nótt á Arnarstapa og Hellnum. Ekið verður um Snæfellsnesið og frá Stykkishólmi verður boðið upp á siglingu um Breiðafjörð.

Grillað verður eitt kvöld og verður þá lagt til grillkjöt og kartöflusalat. Að öðru leyti



Fjögurra daga síðsumarferð verður farin á Snæfellsnes.

verður fólk að nista sig sjálft og greiða fyrir siglingu á Breiðafirði.

Ferðin kostar 16.000.- krónur á mann og innifalið í því verði er allur akstur, gisting og leiðsögn.

Óafturkræft staðfestingargjald er 3.000.- krónur

Leiðsögumaður verður Inga Rósa Þórðardóttir. Bílstjóri verður Sveinn Sigurbjarnarson og fararstjóri Björn Snæbjörnsson.

Þýskaland - Austurríki - Ítalía - Sviss

Ekið verður um Þýskaland, Austurríki, Ítalíu og Sviss, dagana 30. maí til 10. júní 2006. Lágmarksfjöldi í ferðina er 30 manns en hámarksfjöldi 50. Eins og kom fram hér að framan voru enn örfá sæti laus þegar blaðið fór í prentun og því verða þeir, sem áhuga



Evrópufarar munu flýga til Friedrichshafen í Suður-Þýskalandi, en þaðan verður ekið um Evrópu.

hafa á að fara með, að hafa snöggar hendur ef þeir ætla að næla sér í miða.

Flogið verður frá Keflavík til Friedrichshafen í Suður-Þýskalandi. Síðan verður ekið til Berchtesgaden og Salzburg. Arnarhreiddur Hitlers og saltnámur verða skoðaðar, þá ekið um Brennerskarðið til Garda. Feneyjar og Veróna verða heimsóttar, því næst verður ekið um svissnesku Alpna frá Garda til Bodensee. Þar verður ýmislegt skoðað svo sem Mainau o.fl. Flogið verður heim til Íslands frá Friedrichshafen.

Gisting: 1 nótt í nágrenni Friedrichshafen, 4 nætur á nágrenni Salzburg, 4 nætur við Garda, 2 nætur í nágrenni Bodensee.

Leiðsögumaður verður Sigurbjörg Árnadóttir. Bílstjóri verður Sveinn Sigurbjarnarson og fararstjóri Björn Snæbjörnsson.

Dregnir verða 10 orlofspunktar frá punktategni þeirra sem fara í ferðina.

Verð kr. 106.000.- á mann miðað við gengi 1. nóvember 2005.

Óafturkræft staðfestingargjald er kr. 5.000.-

Innifalið í verði:

- Akstur: Allur akstur erlendis.
- Flug: Keflavík - Friedrichshafen - Keflavík.
- Gisting: 11 gistinætur í tveggja manna herbergjum með morgunverði.

Ef næg þátttaka fæst verður boðið upp á rútuferð frá Akureyri til Keflavíkur og heim aftur. ATH! Rútuferðin er ekki innifalin í verði ferðarinnar.

Allar nánari upplýsingar um ferðatilhögun og skráning í ferðirnar er á skrifstofu félagsins, Skipagötu 14 á Akureyri, og í síma 460 3600.

Er Öryggistrúnaðarmaður og Öryggisvörður á þínum vinnustað?

Þar sem vinna 10 manns eða fleiri skulu vera **Öryggistrúnaðarmaður** og **öryggisvörður**. Þeir eiga að stuðla að heilsusamlegu og öruggu vinnuumhverfi

Vinnueftirlitið heldur reglulega námskeið um vinnuvernd fyrir öryggistrúnaðarmenn og öryggisverði. Námskeiðin standa yfir í tvo daga, frá kl. 9:00 til 16:00. Námskeiðsgjald greiðist af atvinnurekanda.

Næsta námskeið á Akureyri verður 11. og 12. maí nk.

Skráning á námskeiðið er hjá umdæmisskrifstofu Vinnueftirlitsins á Akureyri í síma 460 6800 og þar fást nánari upplýsingar



VINNUEFTIRLITIÐ
Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík
Sími 550 4600 - Fax 550 4610
vinnueftirlit@ver.is - www.ver.is

Hækkun einstaklingsstyrkja Landsmenntar

Stjórn LandsMenntar ákvað á stjórnarfundum þann 13. febrúar sl. að hækka einstaklingsstyrki sjóðsins. Hækkunin tekur gildi frá og með 1. janúar 2006. Þetta þýðir að það sem búið var að greiða af styrkjum vegna ársins 2006 þarf að leiðrétta m.t.t. hækkunarinnar.

Hækkunin er sem hér segir:

- Greitt er að hámarki kr. 44.000.- (var áður 35.000.-), aldrei er þó greitt meira en sem nemur 75% af námskostnaði.

- Styrkur vegna aukinna ökuréttinda hækkar í kr. 81.000.- (var kr. 42.500.-) og getur viðkomandi einstaklingur einungis fengið þennan styrk einu sinni.
- Þá hækka styrkir vegna tólmstundanámskeiða í hámark kr. 15.000.- (var kr. 12.000.-) og er endurgreiðsla vegna þeirra 50% af kostnaði eins og áður var.
- Styrkir vegna tólmstundanámskeiða dragast jafnframt af heildarupphæð einstaklingsstyrks þess árs, kr. 44.000.-
- Viðmiðunargjald félagsgjalda hækkar í kr. 13.300.- (var kr. 12.400.-)

Aðalfundir deilda *Einingar-löðu* 2006



Sú nýbreytni hefur verið tekin upp að aðalfundir deilda verða allir haldnir á sama tíma í Alþýðuhúsinu á Akureyri í stað þess að dreifa þeim á nokkra daga. Fundirnir verða haldnir þann 16. mars nk. kl. 20 og hvetur Eining-löða félagsmenn sína til að fjölmenna á þá.

Í byrjun verða allar deildir saman á fundi á fjórðu hæð-

inni en svo verður þeim dreift um húsið. Á sameiginlega fundinum verða kynntar niðurstöður Kristjáns Bragasonar, fyrrum framkvæmdastjóri Starfsgreinasambands Íslands, en hann gerði úttekt á starfsemi félagsins. Að þeim fundi loknum munu deildirnar halda sína fundi víðsvegar um húsið. Á þeim fundum verða rædd ýmis sérmál sem viðkemur hverri deild.

Björn Snæbjörnsson, formaður Einingar-löðu, segir að þetta sé gert vegna þess að oft sé fólk ekki visst um hvaða deild það tilheyrir. „Nú geta menn fengið upplýsingar á staðnum hvaða deild þeir tilheyra, ef þeir eru ekki alveg klárir á því.“

Vinningshafar úr *jólablaði* Einingar-löðu

Í félagsblaðinu sem kom út í desember sl. var að venju efnt til getraunar og krossgátu þar sem í boði voru vegleg verðlaun fyrir réttar lausnir.

Rétt svar í verðlaunagetrauninni var: Þýskaland, Austurríki, Ítalía og Sviss, en spurt var um til hvaða landa verður farið í utanlandsferð félagsins næsta sumar.

Rétt lausnarorð í verðlaunakrossgátunni voru: *Mundu að skila inn lausn.*



Hermann Brynjarsson, endurskoðandi félagsins, dró út þá sem dattu í lukkupottinn. Björn Snæbjörnsson, formaður Einingar-löðu, var honum til aðstoðar og sá um að allt færi fram eftir settum reglum.

Getraun

1. verðlaun. Vikudvöl í orlofshúsi (með potti) í eigu Einingar-löðu að eigin vali sumarið 2006. Júlía Þórsdóttir, Snægili 19, Akureyri.
2. verðlaun. Vöruúttekt að verðmæti kr. 10.000 í Nettó. Hafdís Unnsteinsdóttir, Smárahlið 12b, Akureyri.
3. verðlaun. Helgardvöl á Illugastöðum að vetri til, í orlofshúsi (með potti) í eigu Einingar-löðu. Margrét Kristinsdóttir, Túngötu 28, Grenivík.
4. verðlaun. Ostakarfa frá Norðurmjólk. Gunnbjörn Magnússon, Tjarnartúni 19, Akureyri.

Krossgáta

1. verðlaun. Vöruúttekt að verðmæti kr. 10.000 í Nettó. Kristján Þórhallsson, Svarfaðarbraut 7, Dalvík.
2. verðlaun. Helgardvöl á Illugastöðum að vetri til, í orlofshúsi (með potti) í eigu Einingar-löðu. Oddfríður Skúladóttir, Borgarhlið 11d, Akureyri.
3. verðlaun. Ostakarfa frá Norðurmjólk. Guðlaugur H. Guðmundsson, Norðurbyggð 2, Akureyri.

Eining-löða óskar vinningshöfunum til hamingju.

Margir nýta sér styrkina frá Landsmennt

Á síðastliðnu ári fengu 347 félagsmenn Einingar-löju kr. 7.677.216,- í styrki frá Landsmennt. Það er um að gera fyrir félagsmenn að kynna sér og nýta sér rétt sinn til þess að sækja um þá styrki sem í boði eru.

Konur voru í miklum meirihluta styrkþega, eða 247 á móti 101 karmanni.

Einungis þrír opinberir starfsmenn fengu styrk frá Landsmennt, á meðan 161 sveitarfélagsstarfsmaður og 183 almennir starfsmenn fengu styrk.

Hér sjá hvaða námskeið eða nám var um að ræða og fjölda í hverju þeirra:

Íslenska fyrir útlendinga	30
Stöðupróf í íslensku fyrir útlendinga	2
Tölvunám/námskeið	56
Aukin ökuréttindi	15
Náms- og kynnisferðir	35
Tungumálanám (enska, spænska o.fl.)	15
Framhaldsnám (einnig fjarnám)	44
Háskólanám (einnig fjarnám)	34
Starfsnám	84
Annað	15
Tölmundunámskeið	17

Aldursskipting styrkþega var eftirfarandi:

17-20 ára	22
21-30 ára	89
31-40 ára	68
41-50 ára	72
51-60 ára	70
61-70 ára	26

Lengri opnunartími

Stjórn Einingar-löju hefur ákveðið að skrifstofa félagsins á Akureyri verði opin til kl. 18 alla fimmtudaga í mars, apríl og maí. Þetta er gert til reynslu, en í könnun, sem Kristján Bragason vann fyrir félagið þar sem hann talaði við 150 aðila, kom m.a. fram að menn töldu þörf á að skrifstofan væri opin lengur en til kl. 16 einn dag í viku.

Hækkun gat orðið meiri en 2,5%

Öll laun áttu að hækka um síðustu áramót um 2,5%, skv. samningi SGS við SA frá því 7. mars 2004. Það ber þó að hafa í huga að launahækkun gat orðið meiri í sumum tilvikum. Þetta stafar af því að um síðustu áramót áttu sér stað miklar launaflokkatilfærslur og því getur hækkunin orðið meiri en þessi 2,5% sem samningar kveða á um.

Félagsmenn, hikið ekki við að hafa samband við skrifstofu Einingar-löju ef ykkur vantar upplýsingar eða ef þið teljið að þið hefðuð átt að fá meiri launahækkun en raun varð um áramótin.

„Reglubundinn sparnaður gerir mig frjálsan.
Ég þarf ekki lengur að segja: Þetta reddast.“

Kynntu þér fjölbreyttar sparnaðarleiðir í næsta útibúi, á landsbanki.is eða í síma 410 4000. Því fyrr sem þú tekur ákvörðun, því fyrr nýturðu ávinnings.

Það eina sem getur komið í veg fyrir að þú eyðir í sparnað... ert þú.

Eyddu í sparnað.



Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | www.landsbanki.is



Various items of information

The second issue of the Union Magazine this year is devoted to holiday matters and the holiday chalets the union has at its disposal for renting out to members.

Union members can apply to rent a holiday chalet for one week in a particular place. Since, however, many often apply for the same place at the same time it is a good idea to apply for different places/and or times as alternative options, up to six of which are permitted. You indicate in the table on page 17 which house you are applying for, adding the numbers 1, 2, 3, 4, 5 and 6 etc. if you apply for alternative options. The holiday chalets are then allotted on the basis of a credit system which the union has developed. Each member who pays in to the union receives one credit point per month, regardless of job ratio or the amount paid in union dues. If more than one person applies for the same chalet at the same time, the one who has accumulated the largest number of credit points is first choice.

Then, to ensure that those who are not successful in renting a chalet have a better chance next time they apply, a special number of points is deducted from a union member who rents a chalet. The number of deducted credit points varies according to time and other factors. Unfortunately there is not enough space to translate information relating to the chalets into English. However, the location should be clear from the place names and by using the map of Iceland on page 16. The deadline for applying for holiday chalets is 31 March.

The union also has at its disposal holiday chalets in Denmark. For further information, please contact the union office where applications are also submitted.

The Edda hotels offer reduced rates

Eining-lðja will be selling coupons for accommodation in all Edda hotels in Iceland. The price of one coupon is kr. 4,400 and it is valid for two persons in a double room with wash basin for one night. Breakfast is not included. Union members will not lose credit points when buying these coupons which makes this an attractive option, for, according to the price list of the Edda hotels for summer 2006, the price of a room of this type is kr. 7,200. The coupons will be available at the Eining-lðja office as summer approaches.

Children can share the rooms with



grownups without extra charge if people take along a sleeping bag or bed linen. The Edda hotels provide mattresses if needed. The coupons may be used in all the Edda hotels of which there are 15 around the country. Guests make their own bookings. The Edda hotels offer rooms with or without bath; in some hotels both types are available. A variety of food and refreshments is on offer at the Edda hotels. Breakfast is kr. 900 per person. If a room with bath is chosen, there is an extra charge of kr. 4,100 per room. Please note that the extra charge for a room with bath at Hotel Edda Plus is kr. 5,700. Hotel Edda Plus are the Edda hotels in Akureyri, Laugar in Sælíngsdalur, Helliðssundur and Vík. With regard to meals, the Edda hotels ask you to note that children under five have free meals and children aged 6-12 pay only half price.

A week of your own choice

Eining-lðja has decided to spend up to kr. 1,250,000 on an item entitled „A week of your own choice“ during 2006. Union members can apply for 100 such grants, to the amount of kr. 12,500 each; the grants are allotted on the same basis as the holiday chalets. The grant may be used, for example to rent a holiday chalet, a hotel room, a tent trailer or a fold-up camper as part-payment towards a holiday in Iceland or abroad, depending on personal wishes and interests. Maximum grant to individual members is, as indicated above, kr. 12,500 with the proviso that the amount never exceeds 50% of actual cost.

Members who receive a holiday grant have 18 credits deducted for those who make use of the total grant and proportionally for lower amounts. The grants are pay-

able after the end of the holiday tour and members who have been promised a grant are required to present an invoice relating to stay or travel expenses for the amount to be paid out.

PLEASE NOTE! You must present legal, numbered business invoices.

Grants for leisure courses


Members of Eining-lðja can now apply to Landsmennt for grants relating to leisure or recreation courses.

Last year, 347 members of Eining received a total of kr. 7,677,216 in grants from Landsmennt. There is a huge increase in grant applications and it is important that members should become familiar with and make use of their rights to apply for grants on offer.

Three holiday excursions

Eining-lðja has organised a holiday excursion to Germany, Austria, Italy and Switzerland 30 May to 10 June 2006. Some very few places are still available and it should be kept in mind that the maximum number of participants is 50 so those who are interested should book as early as possible. For information regarding the excursion programme and registration, please contact the union office.

Eining-lðja has also arranged two holiday excursions within Iceland. There is a four day late summer excursion to Snæfellsnes 10-13 August and a day tour has been arranged on 19 August for senior members of Eining-lðja, stopping for a meal in Siglufjörður where the Museum of Herring Memorials will be visited. The return journey goes



through the districts of Fljót and Skagafjörður with a coffee stopover at Hólar. Finally, Eining-lðja would like to remind members of their right to holiday pay and holiday bonus.

Tickets for the Hvalfjörður tunnel

Tickets may be obtained for the Hvalfjörður tunnel at the Eining-lðja offices in Akureyri and Dalvík. The price of each ticket is only kr. 600. Tickets may also be purchased from union representatives in Ólafsfjörður, Hrísey and Grenivík.

A centenary of continuous trade union activity

On Saturday 4 February a special ceremony was held to commemorate the centenary of continuous trade union operation in Eyjafjörður dating from the foundation of Akureyri Workers' Union, the predecessor of Eining-lðja, in 1906. On the occasion the memorial „Solidarity“ was unveiled and a handsome anniversary exhibition was staged in the Alþýðuhús. Photographs of the event may be seen on pages 6 and 7 in this issue.



Strandgötu 3 • 600 Akureyri
Sími 460 6464
sjova.is

Leigi út fellihýsi

Gerir við tjöld og tjaldvagna, sauma og gerir við allar stærðir af seglum og yfirbreiðslum.

Skipti um rennilása og gerir við allan fatnað. Sauma einangrunaryfirbreiðslur yfir heita potta.

Fljót og góð þjónusta. Ópið alla daga frá 13:00-17:00, einnig á öðrum tímum eftir samkomulagi.

**Tjalda- og seglaþjónustan,
Óseyri 6c • Akureyri**

Svandís, sími 899 6277 og 461 5077.



Velkominn til Danmerkur

- Bjóðum fjölbreytt úrval sumarhúsa af öllum stærðum. í Danmörku. 2ja manna og uppí 25 manna hallir.
- Bjóðum fjölbreytt úrval orlofshverfa í Danmörku.
- Bjóðum ótrúlega ódýra bílaleigubíla fyrir Íslendinga.
- Reynið frábæra þjónustu okkar við val á sumarhúsi og staðsetningu þess í Danmörku.
- Val á sumarhúsi er mjög einföld beint af heimasíðu okkar www.fylkir.is eða fáðið sendan verðlista.



sími 456-3745
www.fylkir.is

Illugastaðir

Orlofsbyggðin Illugastaðir er starfrækt allt árið

Byggðin er aðeins í 45 km fjarlægð frá Akureyri. Umsjónarmaður sér um útleiguna frá 15. september til 31. maí.

Á Illugastöðum er auk sumarhúsanna sjálfra góð aðstaða fyrir ráðstefnur fyrir allt að 90 manns, minni fundi og námskeið. Yfir veturinn er gufubað og heitur pottur í notkun.

Því ekki að drífa sig á Illugastaði?

Það er nefnilega ekkert síðra að vera í góðu sumarhúsi í frábæru umhverfi þó utan hásumartímans sé.



Umsjónarmaður og húseigendur sjá um útleigu

Orlofsstaðir Einingar-löðu 2006



Eining - löða

Ýmsar hagnýtar upplýsingar um orlofshúsnæði félagsins 2006.

	Stærð	Swiðpt.	Samræmi	Þingur	Lit.	Hæðskráð	Kúla	Stofa	Leikur	Eldavél	Orbofn	Þorfinn	Grill	Útsýr	Þjónusta	H.pottur	Skiptid.	Verð A	Verð B
Bugastallur	45	8	umsjörn	0	*	nei	já	já	já	já	já	8	já	já	já	já	Stíkt	15500	13500
Einarstaðir	45	8	umsjörn	0	*	*	já	já	já	já	já	10	já	já	já	nei	Stíkt	14500	12500
Flókalundur, Vindstöð	40	5	nei	0	nei	nei	já	já	já	já	já	8	já	já	já	**	Stíkt	14500	12500
Tjarnagerði	57	9	já	0	nei	nei	já	já	já	já	nei	8-12	já	já	já	nei	Stíkt	14500	12500
Svignaskarð	38	6	umsjörn	0	nei	nei	já	já	já	já	nei	8	já	já	já	já	Stíkt	15500	13500
Úgjutur E. Egðel	67	8	já	0	já	nei	já	já	já	já	nei	8-12	já	já	já	nei	Stíkt	15500	13500
Þjónusta 120, R. yk	98	8	já	0	já	nei	já	já	já	já	nei	8-12	nei	já	já	nei	nei d.	15500	15500
Þjónusta 140, R. yk	152	8	já	0	já	nei	já	já	já	já	nei	8-12	nei	já	já	nei	nei d.	15500	15500
Leigu- og skiptibústaðir																			
Einarstaðir	45	8	umsjörn	0	*	*	já	já	já	já	já	10	já	já	já	nei	Stíkt	14500	12500
Munaðarnes/Stóru- og Svignaskarð	52	8	umsjörn	0	já	nei	já	já	já	já	nei	8	já	já	já	já	Stíkt	15500	13500
Klifabotn	50	8	já	0	nei	nei	nei	já	já	já	já	10-12	já	já	já	nei	Stíkt	14500	12500
Úlfjótswatn	60	8+	nei	0	já	já	já	já	já	já	já	8	já	já	já	nei	Stíkt	14500	12500
Ölfjótswatn	55	8+	umsjörn	0	nei	nei	já	já	já	já	já	10-12	já	já	já	já	Stíkt	15500	13500
Súðavík	60	8	nei	0	nei	nei	nei	já	já	já	nei	8-10	já	já	já	nei	Stíkt	14500	12500
Brekkuskógur	48	8	já	0	*	*	já	já	já	já	nei	8-10	já	já	já	já	Stíkt	15500	13500
Ölfusborgir	60	8	já	7	*	nei	nei	já	já	já	já	8	já	já	já	já	Stíkt	15500	13500

* Fæst gegn gjaldi hjá umsjórnarmanni.

** Heitur pottur við sundlaug.

+ Svefnloft

Verð A gildir frá 16. júní til 25. ágúst

Verð B gildir frá 2. júní til 16. júní og frá 25. ágúst til 15. sept.

Verð íbúða í Reykjavík og Egilsstöðum er 15.500.- vikan.

Umsækjandi: _____

Kennitala: _____

Heimili: _____

Póstfang: _____

Vinnustaður: _____

H.sími: _____

Vinnusími: _____

Hér fyrir neðan er gefinn kostur á að sækja um eina viku með allt að sex valmöguleikum fyrir stað og tímabil. Merkið með lóunni 1 sem fyrsta valkost en 2, 3, 4, 5, 6 til vara.

Athugið að þló getið ekki sótt um þær vikur sem eru skyggðar.

Landssvæði	Í fjöldi húsa	Vikunúmer	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15	16
			2. jún til 9. jún	9. jún til 16. jún	16. jún til 23. jún	23. jún til 30. jún	30. jún til 7. júl	7. júl til 14. júl	14. júl til 21. júl	21. júl til 28. júl	28. júl til 4. ágú	4. ágú til 11. ágú	11. ágú til 18. ágú	18. ágú til 25. ágú	25. ágú til 1. sep	1. sep til 8. sep	8. sep til 15. sep	15. sep til 22. sep
Klifabotn í Lóni	1																	
Garðshorn	1																	
Brekkuskógur	2																	
Einarsstaðir	3																	
Egilsstaðir	1																	
Illugastaðir	4																	
Tjarnargerði	0,50																	
Vatnsfjörður	1																	
Svignaskarð	1																	
Munaðarnes	2																	
Stóruskógar	1																	
Úlfjótuvatn	1																	
Súðavík	1																	
Ólfusborgir	1																	
			31. maí til 7. jún	7. jún til 14. jún	14. jún til 21. jún	21. jún til 28. jún	28. jún til 5. júl	5. júl til 12. júl	12. júl til 19. júl	19. júl til 26. júl	26. júl til 2. ágú	2. ágú til 9. ágú	9. ágú til 16. ágú	16. ágú til 23. ágú	23. ágú til 30. ágú	30. ágú til 6. sep	6. sep til 13. sep	13. sep til 20. sep
Reykjavík	2																	
Punktafradráttur			24	24	36	36	36	36	36	36	36	36	36	36	24	24	24	

Vika að eigin vali

12.500.- kr. 18 punktar í frádrátt.

Vikuvæð í húsum með potti er kr. 15.500 nema tímabilin 2. júní -16. júní og 25. ág. - 15. sept. er vikan leigð á 13.500
Vikuvæð í húsum án potts er kr. 14.500 nema tímabilin 2. júní -16. júní og 25. ág. - 15. sept. er vikan leigð á 12.500
Vikuvæð í íbúðunum í Reykjavík og Egilsstöðum er kr. 15.500

Síðasti skiladagur umsókna er 31. mars 2006

Eining-Iðja Skipagötu 14 600 Akureyri

Íbúð í Kaupmannahöfn



Félagsmenn Einingar-Iðju geta fengið leigða þriggja herbergja íbúð miðsvæðis í Kaupmannahöfn í sumar. Um er að ræða 12 vikur á tímabilinu 30. maí til 29. ágúst, að undanskilinni vikunni 6. til 13. júní.

Íbúðin leigist í viku í senn,
leiguverð kr. 20.000,-



Skiptidagar verða á þriðjudögum.

Punktafrádráttur er 36 punktar á hverja viku.

Tekið verður við umsóknum út mars og úthlutað í byrjun apríl

Nánari upplýsingar og skráning eru veittar á skrifstofu félagsins á Akureyri, í síma 460 3600, sigrun@ein.is og á www.ein.is

Orlofshúsin 2006



Orlofsparadís allt árið



Orlofshúsabyggðin á Illugastöðum í Fnjóskadal er fyrir löngu vel kunn flestum landsmönnum, svo margir hafa dvalið þar eða litið við hjá vinum og kunningjum sem þar hafa dvalið. Illugastaðir eru sívinsæll sumardvalarstaður.

Eining-löja á samtals fjórtán orlofshús að Illugastöðum en nokkur þeirra eru leigð til annarra stéttarféлага í skiptum fyrir orlofshús annars staðar á landinu. Búið er að endurnýja alla bústaði félagsins á svæðinu og nú er unnið að því að koma hitaveitu í hvert hús og verður því lokið fyrir sumarið. Einnig er búið að setja heita potta við öll hús Einingar-löju á svæðinu.

Illugastaðir eru ákaflega vinsæll orlofsdvalarstaður, ekki síst meðal félagsmanna Einingar-löju, enda er ekki löng ferð úr Eyjafirðinum yfir í Fnjóskadal (50 km frá Akureyri). Fnjóskadalur státar af náttúrufegurð og er dalurinn sannkölluð perla fyrir náttúruunnendur, sérstaklega þá sem áhuga hafa á gönguferðum, jafnt að sumri sem vetri.

Í orlofshúsum félagsins á Illugastöðum er svefnpláss fyrir átta manns í hverju húsi. Á Illugastöðum er meðal annars sundlaug, heitur pottur, gufubað og lítil verslun í þjónustumiðstöðinni. Leikvöllur er á svæðinu með skemmtilegum leiktækjum fyrir börnin. Stutt er yfir í Vaglakóg þar sem miklir möguleikar eru til gönguferða.

Lyklar að orlofshúsunum á Illugastöðum eru afhentir í þjónustumiðstöðinni á staðnum.



Tjarnargerði í Eyjafjarðarsveit

Stutt að fara – gott að vera



Sumum hentar betur að komast í orlofshús í næsta nágrenni við heimabyggð sína í stað þess að þurfa að aka um langan veg. Fyrir þá sem eru tímabundnir en vilja samt komast í gott frí og róandi umhverfi er nokkurra ára gamalt hús, Tjarnargerði í Eyjafjarðarsveit, mjög góður kostur.

Eining-löja á Tjarnargerði ásamt Bílstjórufélagi Akureyrar og Vörubílstjórufélaginu Val og hefur því aðeins aðra hverja viku til úthlutunar fyrir félagsmenn. Húsið er vel búið og allt hið glæsilegasta með öllum þeim þægindum sem flestir vilja hafa í orlofshúsum. Í húsinu er svefnpláss fyrir níu manns.

Ekki þarf að spyrja að náttúrufegurðinni fremst í Eyjafirðinum og frá Tjarnargerði er til dæmis örstutt í Leyningshóla og fleiri náttúruperlur. Í Tjarnargerði sameinast þeir kostir að þangað tekur stuttan tíma fyrir félagsmenn Einingar-löju að fara og þar er gott að vera, slaka á og safna orku í sumarfríinu.

Lyklar að Tjarnargerði eru afhentir á skrifstofu félagsins í Skipagötu 14 á Akureyri.



Austurland allt innan seilingar

*Víðfræg veðurbliða Fljótsdalshéraðs ásamt náttúru-
fegurð ætti að tryggja ánægjulega dvöl í orlofshús-
unum á Einarsstöðum á Héraði. Óhætt er að fullyrða
að Fljótsdalshérað er eitt hið veðursælasta á land-
inu.*

Í orlofshúshverfinu á Einarsstöðum hefur Eining-löja til umráða þrjú nýlega uppgerð húsn. Þau eru öll af sömu gerð, með svefnpláss fyrir átta manns. Einarsstaðir hafa notið mikilla vinsælda sem orlofsdvalarstaður og hafa verið með eftirsóttustu stöðum félagsins, meðal annars vegna hinnar rómuðu veðurbliðu. Einarsstaðir eru einnig vel staðsettir fyrir þá sem vilja nýta fríð í að ferðast og njóta þess að skoða nokkrar af helstu náttúruperlum landsins, en vilja um leið hafa fastan samastað í orlofshúsi. Margar náttúruperlur eru innan seilingar og af Héraði er stutt til allra staða á Austurlandi. Frá Einarsstöðum er jafnframt stutt í alla nauðsynlega þjónustu og afþreyingu fyrir ferðamenn því staðurinn er aðeins tólf kílómetrum sunnan Egilsstaða, miðja vegu milli Egilsstaða og Hallormsstaðar.

Lyklar að húsunum eru afhentir í húsi nr. 32, sem er við stóra bílastæðið við eldri byggðina.



Orlofsíbúð á Egilsstöðum

Einstök veðursæld

Hverjum þykir sinn fugl fagur og víða um land vill fólk gera tilkall til þess að heimahéraðið sé hið veðursælasta á landinu. Eitt þeirra svæða sem áreiðanlega á möguleika á því að hafa vinninginn í þeirri „samkeppni“ er Fljótsdalshérað.

Eining-löja á íbúð í fjölbýlishúsinu við Útgarð 6 á Egilsstöðum og nýtur sú íbúð mikilla vinsælda - væntanlega ekki síst vegna hinnar rómuðu veðursældar á Héraði.

Egilsstaðir eru höfuðstaður Austurlands og þaðan liggja vegir til allra átta. Það ætti því að vera hægur vandi að dvelja í orlofsíbúð á Egilsstöðum og skipuleggja þaðan ferðir um nánast allt Austurland án þess að þurfa að gista annars staðar. Á Egilsstöðum er hægt að fá alla þá þjónustu sem ferðafólk þarf á að halda, meðal annars er þar glæsileg sundlaug sem upplagt er að nýta og njóta.

Íbúð Einingar-löju á Egilsstöðum er þriggja herbergja og að sjálfsgöðu búin öllum helstu heimilistækjum. Íbúðin er á neðstu hæð í þriggja hæða fjölbýlishúsi. Við hana er góður sólballur og skjólveggir.

Lyklar eru afhentir á skrifstofu Einingar-löju í Skipagötu 14 á Akureyri.



Klifabotn í Lóni

Í skjóli jökulsins



Tiltölulega nýlegt orlofshúsasvæði í Klifabotni í Lóni hefur reynst vinsælt meðal félagsmanna Einingarlöju. Þar ríkir enda skaftfellsk kyrrð og veðursæld í skjóli stærsta jökuls Evrópu, Vatnajökuls.

Klifabotn, þar sem orlofshús sem félagið leigir stendur ásamt nokkrum öðrum, er í Þórisdal í Lóni, skammt austan við Laxá, og stendur við Strandaháls í Bæjarhreppi, sem nú er reyndar hluti af Sveitarfélaginu Hornafirði.

Einingarlöja hefur til umráða eitt hús í Klifabotni, rúm-gott og vel búið. Í hverfinu er leikvöllur fyrir börnin og sameiginleg gufubaðstofa fyrir orlofshúsabyggðina. Um 30 kílómetrar eru frá Klifabotni að Höfn í Hornafirði en þar er fjölbreytt þjónusta, meðal annars sundlaug og golfvöllur. Svæðið býður upp á skemmtilega ferðamöguleika, hvort heldur fólk vill ferðast á bílum, hestum eða á tveimur jafnfljótum. Umhverfið er ægífagurt og stórbrotið og meðal annars stutt í hin rómuðu Lónsöræfi. Fjallahringurinn, sem skýlir Lónsbúum og gestum þeirra, er fagur með Eystra- og Vestra-Horn sem útverði.

Garðshorn í Ölfusi

Einvera og gott næði



Í landi Bakka II í Ölfusi stendur orlofshúsið Garðshorn. Húsið er um 100 metra frá þjóðveginum til Þorlákshafnar, um 6 kílómetra frá Hveragerði.

Fyrir þá sem vilja vera í næði og útaf fyrir sig er gott að dvelja í Garðshorni því húsið stendur ekki í orlofshúsabyggð heldur eitt og sér. Engu að síður er örstutt í alla þjónustu því Garðshorn er í aðeins um 6 kílómetra fjarlægð frá Hveragerði og þar með er ekki heldur langt til Selfoss eða höfuðborgarsvæðisins.

Meðal þess sem finna má í næsta nágrenni Garðshorns í Ölfusi eru manngerðir hellar uppi í hlíðinni ofan við húsið. Þaðan er einnig mjög viðsýnt um Suðurlandsundirlendið.

Í Garðshorni eru tvö svefnherbergi og svefnpláss fyrir 6 til 8 manns. Nýlega var pallur stækkaður við húsið og gestahús byggt.

Lyklar eru afhentir á skrifstofu félagsins í Skipagötu 14 á Akureyri.



Brekuskógur í Biskupstungum

Allt til alls

Biskupstungurnar eru á meðal vinsælustu orlofsdvalarsvæða á landinu og ekki að ástæðulausu. Svæðið hefur upp á allt það að bjóða sem orlofshúsagesti kann að vanhaga um eða langa til að gera; góða aðstöðu, fallegt umhverfi og fjölbreytta möguleika til þess að njóta þess sem hver og einn vill fá út úr fríinu sínu.

Eining-löja hefur til afnota tvö orlofshús í Brekkuskógi og hafa þau bæði verið endurnýjuð nýlega. Við húsin er meðal annars verönd með heitum potti. Aðstaða fyrir gesti er öll eins og best gerist. Í orlofshúshverfinu í Brekkuskógi er þjónustumiðstöð þar sem er meðal annars sjónvarp, myndbandstæki, sími, bókasafn, spil og salur til sameiginlegra afnota fyrir gesti. Þar er einnig baðhús með gufuböðum, heitum pottum og sturtum. Lítil leikvöllur er á svæðinu og aðstaða til að spila mínigolf.

Stutt er úr Biskupstungunum yfir í byggðakjarnann við Laugarvatn og raunar má segja að „stutt“ sé úr Biskupstungunum um allt Suðurland þar sem margar af helstu náttúruperlum landsins er að finna. Í Árnessýslu er jafnframt umfangsmikil þjónusta við ferðamenn og því af nágu að taka fyrir þá sem dvelja í orlofshúsum í Brekkuskógi og vilja leita sér afþreyingar í nágrenninu.

Lyklar að orlofshúsunum, sem Eining-löja hefur til umráða í Brekkuskógi, eru afhentir í þjónustumiðstöðinni á staðnum.



Ölfusborgir

Rótgróið orlofshúshverfi á besta stað

Í fögru umhverfi Hveragerðis og nágrennis er rótgróið orlofshúshverfi, Ölfusborgir, sem margir kannast við af eigin raun eða af afspurn. Eins og með önnur orlofshússvæði í Árnessýslunni gildir um þetta svæði að þaðan er stutt í alla hugsanlega þjónustu og stutt í margar af helstu náttúruperlum landsins.


Orlofshúsið, sem félagsmenn Einingar-löju geta tekið á leigu í Ölfusborgum, er 50 fermetrar að stærð með sex svefnplássum og barnarúmi. Sængur eru í húsinu og lín fæst leigt hjá umsjónarmanni gegn gjaldi. Allur hefðbundinn búnaður er í húsinu, svo sem sturta, ís-skápur, eldavél, örbylgjuofn, borðbúnaður fyrir átta manns, grill, útvarp, sjónvarp og svo það sem mörgum finnst orðið ómissandi í orlofinu; heitur pottur.

Knattspyrnuvöllur og leikaðstaða fyrir börn er sameiginleg á svæðinu og einnig er hægt að kaupa veiðileyfi.

Úr Ölfusborgum er stutt til margra þorpa og kaup-túna á Suðurlandi. Eins eru margar skemmtilegar gönguleiðir í nágrenninu. Ýmislegt er í boði fyrir ferðamenn í Hveragerði sem er rétt hjá orlofssvæðinu. Þar er sundlaug með vatnsrennibraut og blómaverslanir. Ölfusborgir eru í Ölfushreppi í Árnessýslu. Þaðan er mikið og fallegt útsýni yfir undirlendið á Suðurlandi



Náttúrufegurð við Norðurá



Orlofshúshverfin í Munaðarnesi og Stóruskógum hafa notið vinsælda meðal landsmanna um árabil enda er þjónusta við ferðamenn á þessu svæði komin í mjög fastar skorður, aðstaðan eins og best verður á kosið og möguleikarnir óþrjótandi.

Eining-löja hefur til umráða tvö hús í Munaðarnesi og eitt í Stóruskógum. Heitir pottar eru við húsin.

Það sem fram kemur í umfjöllun um kosti og möguleika sem fylgja dvöl í orlofshúsum í Svignaskarði í Borgarfirði gildir alveg jafnt um þau orlofshús sem félagið hefur til umráða í Munaðarnesi og Stóruskógum í Borgarfirði. Í Munaðarnesi og Stóruskógum eru tvö aðskilin orlofshúshverfi sem eru hvort sínu megin þjóðvegur 1 en þjónustumiðstöðin í Munaðarnesi er sameiginleg fyrir bæði hverfin.

Fjölmarginir möguleikar eru til afþreyingar og slökunar í Borgarfirðinum sem of langt mál væri að telja upp hér. Veðursæld Borgarfjarðar er mikil og skjólgott í orlofshúshverfunum. Margar skemmtilegar gönguleiðir eru í nágrenni orlofshúshverfanna, til dæmis upp með hinni frægu og fögru Norðurá.

Í Borgarnesi er síðan ein af glæsilegustu sundlaugum landsins. Borgarfjörðurinn hefur upp á fjölmargt annað að bjóða, hvort heldur dvalargestir eru að leita eftir menningarviðburðum, sögustöðum, náttúrufrýrbærum, útivistarmöguleikum eða annarri afþreyingu til að lífga upp á sumarfríð.

Svignaskarð í Borgarfirði

Býsna fjölbreytt í Borgarfirðinum



Borgarfjörðurinn hefur um árabil notið vinsælda sem sumardvalarstaður og þar er öll þjónusta við ferðamenn í föstum skorðum, þar sem ganga má að gæðunum vísun en um leið fjölbreytni og frumleika.

Stór orlofshúshverfi hafa byggst upp í Borgarfirðinum á vegum fjölmargra stéttarféлага og landssambanda. Eitt þessara orlofshúshverfa er í Svignaskarði. Þar hefur Eining-löja til umráða eitt hús með svefnplássi fyrir sex manns. Þjónustumiðstöð er á svæðinu þar sem

dvalargestir hafa aðgang að böðum og gufubaði. Leiktæki fyrir börn er víða að finna á þessu svæði, tveir sparkvællir eru í hverfinu og mínigolfvöllur.

Margar skemmtilegar gönguleiðir liggja frá orlofshúsum og stutt er í frábærar sundlaugar, til dæmis í Borgarnesi og á Varmalandi. Í Borgarfirðinum er margt að sjá og mjög fjölbreyttir möguleikar til afþreyingar og úti-veru.

Golfvöllur er að Hamri, rétt utan við Borgarnes og hestaleigur eru nokkrar í næsta nágrenni Munaðarness. Þá er víða hægt að kaupa ódýr veiðileyfi í vötn í nágrenninu, t.d. Hreðavatn og Langavatn. Veiðileyfi fyrir Hreðavatn eru seld í Hreðavatnsskála og í Langavatn í Hyrnunni. Ferðir á Langjökul njóta vinsælda og þannig mætti lengi telja. Frá Munaðarnesi er stutt að fara til þess að skoða ýmsa fagra og markverða staði, bæði í náttúrufræðilegu og sögulegu samhengi. Borg á Mýrum og Reykholt eru meðal þekktustu staða Íslandssögunnar og Grábrókarhraun, Hreðavatn, Baula, Barnafossar, Surts-hellir, Glanni og Paradísarlaut eru meðal helstu náttúruperla landsins.



Flókalundur í Vatnsfirði

Saga og fegurð við hvert fótímal

Líklega þekkja færri fegurð Vestfjarðakjálkans af eigin raun en ýmissa annarra svæða á landinu - en fegurðin er ekki minni fyrir þá sök. Vatnsfjörður á Barðaströnd er fullur af sögu og þar er fagurt um að litast.

Flókalundur í Vatnsfirði hefur um árabíl verið meðal vinsælli sumardvalarstaða landsins. Vatnsfjörður er á Barðaströnd - á „suðurströnd“ Vestfjarðanna - og þar er veðursælt, gróðursælt og skjólgott. Fjölmargir áhuga-verðir staðir eru í nágrenninu og má nefna Látrabjarg og Rauðasand. Ótal tækifæri eru fyrir þá gesti sem njóta vilja náttúruskoðunar og sagan er við hvert fótímal í Vatnsfirði. Þar er talið að Hrafna-Flóki hafi dvalið þegar hann gaf Íslandi nafn og þá meðal annars gengið upp á Lónfell.

Í Flókalundi er þjónustumiðstöð með verslun og veitingastað. Einnig er þar nýleg sundlaug. Þá er vert að benda á áhugaverðan valkost sem er að nota Breiðafjarðarferjuna Baldur en hún siglir milli Brjánslækjar í Vatnsfirði og Stykkishólms með viðkomu í Flatey. Það eru því margir möguleikar til styttri og lengri ferða fyrir þá sem dvelja í orlofshúsum í Vatnsfirði.



Súðavík

Miðsvæðis á Vestfjörðum

Eining-löja hefur haft íbúð á leigu í gamla þorpinu í Súðavík til afnota fyrir félagsmenn sína og svo verður áfram.

Íbúðin er á efri hæð í tvílyftu húsi við Túngötu 20. Húsið hefur nýlega verið gert upp og er íbúðin öll hin glæsilegasta.

Segja má að Súðavík sé nokkuð miðsvæðis á norðanverðum Vestfjörðum þannig að dvöl þar er góður kostur fyrir þá sem vilja nýta frið sitt í að ferðast og skoða sig um á Vestfjörðum og þar er vissulega um marga skemmtilega staði að velja. Stutt er frá Súðavík til Ísafjarðar og jarðgöngin gera það að verkum að mun auðveldara er en áður fyrr að ná yfir stærri hluta Vestfjarðakjálkans og ferðast um sunnanverða Vestfirði þótt dvalið sé í Súðavík.



Íbúðir í Reykjavík

Þrjár íbúðir í Ljósheimum



Flestir sem nýta sér orlofsíbúðir vilja komast úr þéttbýlinu í kyrrð og víðáttu sveitanna til þess að slaka þar á og endurnýja orkuna, en ekki allir. Orlofsíbúðir í Reykjavík eru mikið notaðar.

Eining-löja á tvær orlofsíbúðir í Reykjavík en sjúkra-sjóður félagsins hefur þá þriðju til ráðstöfunar. Íbúðirnar þrjár eru í fjölbýlishúsum við Ljósheima, hver í sínu húsinu. Tvær íbúðanna eru fjögurra herbergja og ein þriggja herbergja. Íbúðirnar njóta allar mikilla vinsælda og eru vel nýttar allan ársins hring, enda gefst félagsmönnum, með dvöl í íbúðunum, kostur á að njóta alls þess sem höfuðborgin hefur upp á að bjóða.

Ljósheimar eru miðsvæðis í borginni og stutt að fara þaðan meðal annars í Kringluna, miðbæinn og til nágrennasveitarfélaganna. Verslunarmiðstöðin í Glæsibæ er örskammt frá Ljósheimum og þá er til dæmis stutt í Laugardalinn þar sem finna má fjölbreytta möguleika til afþreyingar.

Íbúðirnar þrjár eru búnar öllum helstu heimilistækjum og í hverri íbúð er svefnpláss fyrir sex manns.

Lyklar að íbúðunum eru afhentir á skrifstofu félagsins í Skipagötu 14 á Akureyri.



Úlfjótssvatn

Náttúruperlur í nánd



Eining-löja býður nú félögum sínum til leigu sumarhús við suðurenda Úlfjótssvatn, í aðeins 70 km fjarlægð frá Reykjavík. Tvö svefnherbergi er í húsinu auk svefnlofts. Það er búið öllum venjulegum eldhúsbúnaði en auk þess útvarpi, sjónvarpi, kolagrilli og heitum potti. Sundlaug er í nágrenninu og gestir bústaðarins hafa aðgang að bátum og veiði í vatninu.

Glæsileg þjónustumiðstöð er að Úlfjótssvatni með góðri aðstöðu fyrir gesti þar sem m.a. er gufubað og billjardborð. Lyklar eru afhentir í þjónustumiðstöðinni.

Gönguleiðir eru margar og vinsælar um allt nærliggjandi svæði. Þær eru mjög skemmtilegar, nokkuð grónar og margt að sjá. Í góðu veðri má sjá vítt og breytt en mjög fallegt útsýni er á þessum slóðum.

Frá Úlfjótssvatni er stutt til margra vinsælla ferðamannastaða, svo sem Gullfoss, Geysis, Þingvalla, Laugarvatns og fleiri staða.



MEÐ G-VORÐUM
GEYRU ÞÚ NOTIÐ ÞESSU BESTA
ALLT ÖTADAR

Þú veitst
hvað gott er að hafa G-mjólk
í hendi þú. Þú veitst hvernig
þú getur notið þessu besta
allt ötadur.

Þú veitst
hvað gott er að hafa G-mjólk
í hendi þú. Þú veitst hvernig
þú getur notið þessu besta
allt ötadur.

MS
HÖLUNDAFARLÖG

Altaf vilja gæta meistri þessu besta í mat og drykk.
Þessu bestu bestu fígur, þessu bestu bestu G-mjólkunni.



Uppáhald allra



GLERÁRGÖTU 20 SÍMI 460 1600



Lífsvál–lífeyrissparnaður
Sparisjóðsins

**Hvað langar
þig að gera**
þegar þú hættir að vinna?

Láttu draumana rætast með Lífsváli

Helstu kostir Lífsvals

- Engin upphafspóknun
- Góð ávöxtun
- Sparnaður greiddur við örorku
- Sveigjanleg starfslok
- Sömu lífsgæði á efri árum
- Sparnaðurinn erfist



SPARRISJÓÐUR
NORÐLENDINGA

til staðar fyrir þig

ข้อมูลทั่วไปที่ควรทราบต่างๆ

เอกสารข่าวสารสำหรับสมาชิกฉบับนี้ นับเป็นฉบับที่สองในรอบปีที่ให้รายละเอียดเกี่ยวกับ การเข้าบ้านพักก่อนช่วงสุดสัปดาห์ สำหรับสมาชิกของสหภาพฯ นอกจากนั้น สมาชิกสามารถติดต่อขอเข้าบ้านพักก่อนเป็นเวลาหนึ่งสัปดาห์ได้ด้วยเช่นกัน ในบางครั้ง สมาชิกจะจองบ้านพักตรงกัน ดังนั้นท่านสมาชิกควรจองบ้านพักหลายแห่ง/หรือเวลาที่ต่างกัน ซึ่งท่านสามารถเลือกจองได้หลายลำดับ กรุณาดูตารางเลือกได้ที่หน้า 17 ว่าท่านต้องการเลือกบ้านพักก่อนบริเวณไหน หากท่านต้องการเลือกบ้านพักหลายแห่งก็สามารถใส่หมายเลข 1, 2, 3, 4, 5 และ 6 ตามลำดับที่ท่านต้องการ หากว่ามีผู้เลือกอาทิตย์เดียวกันกับท่าน ท่านก็จะไม่มีโอกาสในอาทิตย์อื่นๆ การอนุมัตินั้นจะขึ้นอยู่กับคะแนนสะสมของสมาชิก สมาชิกทุกท่านจะได้รับคะแนนสะสม เดือนละคะแนนเท่ากันหมดทุกคน ไม่ว่าสมาชิกผู้นั้น จะทำงานหรือจ่ายเงินเข้ากองทุนของสหภาพฯ มากน้อยเพียงไรก็ตาม หากว่ามีสมาชิกหลายท่าน จองบ้านพักก่อนหลังเดียวกันในเวลาเดียวกัน สหภาพฯ ก็จะทำการเลือกจากสมาชิกที่มีคะแนนสะสมมากกว่า สำหรับผู้ที่ไม่ได้รับการอนุมัติบ้านพักก่อนในปีนั้น จะมีโอกาสได้รับในปีหน้า การตัดคะแนนสะสม จากการเข้าบ้านพักก่อนจะมากหรือน้อยเพียงใดนั้น จะขึ้นอยู่กับเวลาและฤดูกาลของการเข้าบ้านพักก่อน ซึ่งต้องขออภัยมาในที่นี้ ที่ไม่สามารถแปลเกี่ยวกับ ข้อมูลของสถานที่ตั้งของบ้านพักก่อนเป็นภาษาอังกฤษมาในที่นี้ ได้กรุณาดูที่แผนที่ประเทศไอซ์แลนด์ที่หน้า 16 หมดเขตรับแบบฟอร์มขอเข้าบ้านพักก่อนวันที่ 31 มีนาคม ศกนี้ สมาชิกสามารถยื่นคำร้อง ขอเข้าบ้านพักที่ประเทศเดนมาร์กได้เช่นกัน สามารถติดต่อสอบถามข้อมูลเพิ่มเติมได้ที่สำนักงานของสหภาพฯ และยื่นแบบฟอร์มขอเข้าบ้านพักก่อน

ส่วนลดในการเข้าพักที่โรงแรมเอ็ดด้า (Edduhótel)

นอกจากนั้น สหภาพเอนิง-อิดส์ยา (Eining-Iðja) ยังมีบัตรเพื่อเข้าพักโรงแรมเอ็ดด้าขายให้กับสมาชิก บัตรนี้ราคา 4.400 โครนุร์ บัตรแต่ละใบจะใช้สำหรับห้องพักพร้อมอ่างล้างมือ (ไม่มีห้องอาบน้ำในห้อง แต่สามารถไปใช้ห้องอาบน้ำรวมได้) สำหรับสองท่านหนึ่งคืน ไม่รวมอาหารเช้า บัตรนี้จะไม่มีการตัดคะแนนสะสมของสมาชิกแต่อย่างใด บัตรเข้าพักโรงแรมนี้ มีผลดีกับท่านสมาชิกเป็นอย่างมาก เพราะถ้าพิจารณาจากราคาเข้าพักโรงแรมเอ็ดด้า ประจำปี 2006 แล้ว ราคาห้องพักที่กล่าวไปข้างต้นราคา 7.200 โครนุร์ ต้นฤดูร้อนสมาชิกสามารถซื้อบัตรเข้าพักโรงแรมนี้ได้ ที่สำนักงานของสหภาพ เอนิง-อิดส์ยา ห้องพักนี้สามารถนำเด็กเข้ามาพักด้วยได้ โดยท่านไม่ต้องเสียค่าใช้จ่ายเพิ่มแต่อย่างใด หากว่าท่านนำถุงนอน หรือผ้าปูที่นอน และปลอกหมอนมาเอง ทางโรงแรมจะจัดหาที่นอนให้หากท่านต้องการ บัตรนี้สามารถใช้ได้กับโรงแรมทุกแห่งทั่วประเทศ ซึ่งมีอยู่ 15 แห่งด้วยกัน แต่สมาชิกจะต้องเป็นผู้โทรจองห้องพักด้วยตัวเอง โรงแรมมีห้องพักหลายชนิดไว้รับรอง ดังเช่นห้องพักพร้อมอ่างล้างมือ และห้องพักพร้อมห้องน้ำ หรือห้องพักที่มีทั้งสองอย่าง และที่ห้องอาหารยังมีอาหารนานาชาติไว้รับรองแขกทุกท่าน อาหารเช้าราคาท่านละ 900 โครนุร์ สำหรับห้องพักพร้อมห้องอาบน้ำนั้น จะต้องจ่ายเพิ่ม 4.100 โครนุร์ แต่สำหรับโรงแรมเอ็ดด้าพลัส (Hótel Edda Plus) ได้แก่โรงแรมเอ็ดด้าที่ เมืองอคูเรย์รี่ (Akureyri), โลยการ์ ที่ ไชลิ่งดาล (Laugar í Sælingsdal), แฮลล์แซนด์ร์ และวิก (Héllissandur og Vík) หากต้องการห้องพักพร้อมห้องอาบน้ำ จะต้องจ่ายเพิ่มอีก 5.700 โครนุร์ ที่ห้องอาหารของโรงแรมเอ็ดด้า เด็กที่มีอายุต่ำกว่าห้าขวบ ไม่ต้องจ่ายค่าอาหารแต่อย่างใด สำหรับเด็กอายุตั้งแต่ 6 ถึง 12 ขวบจ่ายค่าอาหารเพียงครึ่งราคา

กองทุนสัปดาห์ที่เลือก

ปี 2006 นี้ ทางสหภาพฯ ได้ตั้งกองทุนสนับสนุน เพื่อใช้ในการพักผ่อนสำหรับสมาชิกรวมทั้งสิ้นเป็นเงิน 1.250.000 โครนุร์เพื่อใช้ใน "กองทุนสัปดาห์ที่เลือก" ซึ่งสมาชิกจะต้องทำการยื่นความจำนงค์เพื่อขอรับเงินทุนอุดหนุน เงินดังกล่าวนี้ สามารถนำไปใช้ในส่วน of บ้านพักก่อน, โรงแรม, เดินทางที่เคลื่อนที่ขนาดเล็ก และเดินทางที่เคลื่อนที่ระบบไฮโดรลิค, จ่ายเงินอุดหนุนสำหรับพักผ่อนทั้งใน

และต่างประเทศ ซึ่งขึ้นอยู่กับความต้องการของแต่ละคน เงินอุดหนุนดังกล่าวนี้ จะจ่ายให้ไม่เกิน 12.500 โครนุร์ต่อคน หรือไม่เกินกว่า 50% ของค่าใช้จ่ายทั้งหมด หากสมาชิกใช้เงินทุนอุดหนุนนี้ ก็จะถูกหักคะแนนสะสมจำนวน 18 คะแนนด้วยกัน จะจ่ายเงินอุดหนุนก็ต่อเมื่อสมาชิก กลับมาจากการพักผ่อนเรียบร้อยแล้ว และนำใบเสร็จต่างๆที่ใช้ในการเดินทางมาแสดงหมายเหตุ! ใบเสร็จรับเงินต่างๆนั้น จะต้องหมายเลขการเสียภาษีอากรกำกับด้วยทุกใบ!

เงินอุดหนุนสำหรับการอบรมเพื่อกิจกรรมเวลาว่าง

สมาชิกของสหภาพฯทุกท่าน สามารถที่จะยื่นแบบฟอร์มขอเงินอุดหนุน จากแลนด์สเมนท์ (Landsmenn) ได้ เพื่อใช้ในการอบรมเกี่ยวกับงานที่ใช้ทำในเวลาว่าง หรืองานอดิเรกต่างๆเป็นต้น เมื่อปีที่แล้วสมาชิกสหภาพเอนิง-อิดส์ยา (Eining-Iðja) จำนวน 347 คนได้รับเงินอุดหนุนนี้ รวมทั้งสิ้น 7.677.216,- โครนุร์ จากแลนด์สเมนท์ ซึ่งมีจำนวนสมาชิกฯ ขอรับเงินอุดหนุนนี้เพิ่มขึ้นทุกปี นับเป็นผลดีสำหรับสมาชิกฯ ที่ควรทราบในสิทธิอันพึงได้รับเหล่านี้เป็นอย่างดี

การเดินทางทัศนจรพักก่อนสามแห่ง

สหภาพ Eining-Iðja ได้มีการจัดการเดินทางทัศนจรพักก่อน ไปที่ประเทศเยอรมนี, ออสเตรีย, อิตาลี และสวิตเซอร์แลนด์ กำหนดการเดินทางในวันที่ 30 พฤษภาคม ถึงวันที่ 10 มิถุนายน 2006 ขณะนี้ยังพอมิที่นั่งว่างอยู่ไม่กี่ที่นั่ง จากที่นั่งไม่เกิน 50 ท่าน ดังนั้น หากท่านมีความประสงค์จะเดินทางไปทัศนจรครั้งนี้กับสหภาพฯ ควรจองที่นั่งโดยด่วน ข้อมูลเกี่ยวกับการเดินทางและจองที่นั่งสำหรับการเดินทางได้ที่สำนักงานของสหภาพฯ นอกจากนั้น สหภาพฯยังมีการจัดทัศนจรภายในประเทศด้วยเช่นกัน จะเดินทางไปที่ สไนเฟลล์เนส (Snæfellsnes) เดินทางในวันที่ 10 ถึงวันที่ 13 สิงหาคม โดยจะใช้เวลาเดินทาง 4 วันด้วยกัน และแห่งสุดท้าย ในวันที่ 19 สิงหาคมนั้น สำหรับสมาชิกผู้สูงอายุของสหภาพ Eining-Iðja โดยเดินทางแบบเข้าไปเย็นกลับ ดดยจะขับรถเที่ยวชม ซิกลุฟเฟอร์ดูร์ (Siglufjörður) และเข้าเยี่ยมชมพิพิธภัณฑ์สถานเพื่อความทรงจำของปลาเฮ-ริง (ปลาตระกูลเดียวกับปลาทู) (Sildarminjasafn) หากกลับนั้นจะขับรถพาท่านชม ฟลัจดิน (Fljótin) และ สคากา-เฟียร์ดูร์ (Skagafjörður) และแวะพักผ่อนเพื่อรับประทานอาหารว่างที่ โฮลาร์ (Hólar) สหภาพ Eining-Iðja ขอเน้นกับสมาชิกของสหภาพฯทุกท่าน มีสิทธิที่จะได้รับการพักผ่อน และได้รับเงินโบนัสพิเศษภาคฤดูร้อน

บัตรลดอุโมงค์ที่ Hvalfjarðar (Hvalfjarðargöng)

สามารถหาซื้อบัตรลดอุโมงค์ Hvalfjarðar ได้ที่สำนักงาน Eining-Iðja เมืองอคูเรย์รี่ และเมือง ดาลวิก (Akureyri og Dalvík) ในราคาเพียงบัตรละ 600 โครนุร์ นอกจากนั้นยังจะหาซื้อบัตรได้ที่ตัวแทนของสหภาพฯที่ Ólafsfirði, Hrísey และ Grenivík

ปฏิบัติงานร่วมกันครบ 100 ปี

วันเสาร์ที่ 4 เดือนกุมภาพันธ์เป็นวันที่สภาพแรงงานในเขต Eyjafjörður ได้ปฏิบัติงานมาได้ครบหนึ่งร้อยปี ในนามของสหภาพแรงงานเมือง Akureyri และได้ก่อตั้งมาตั้งแต่ปี 1906 ก่อนที่จะมาเป็นสหภาพ Eining-Iðja ในปัจจุบัน ดังนั้น เนื่องในโอกาสนี้ จึงได้มีการทำพิธีเปิดผ่าคลุ่มรูปปั้นอนุสรณ์ „Samstaða” และมีการจัดนิทรรศการวันครบรอบที่ตึก Alþýðuhús ท่านสามารถดูภาพจากงานได้ที่หน้า, 6 และ 7

Eining-löja þakkar eftirtöldum fyrir veittan stuðning



Sparisj ur H f hverfinga
Ægissíðu 7 601 Grenivík
Sími: 460 9400 · www.spsh.is



Sparisj ur Svarfd la - Dalv k
Ráðhúsi • Sími: 460 1800 • www.sparis/dalvik/



SAMHERJI HF
www.samherji.is



Akureyri



SJÁLFSBJÖRG
Akureyri



www.kjarnafaedi.is



www.iv.is



ÍSLENSK VERÐBRÉF
EIGNASTÝRING ER OKKAR FAG!



afe.is

Atvinnuþróunarfélag
Eyjafjarðar

www.kbbanki.is



KB BANKI



**Ferðaskrifstofa
Akureyrar**

Ráðhústorgi 3
Sími 460 0600 · Fax 460 0610



www.akureyri.is
Akureyri
ÖLL LÍFSINS GÆÐI

Penninn Bókval Akureyri
Hafnarstræti 91-93
sími 461 5050, fax 461 5051
www.penninn.is



SPARISJÓÐUR ÓLAFSFIJÐAR
Aðalgötu 14 · 625 Ólafsfjörður · Sími: 460-2700 · Fax: 460-2701

www.spol.is



GRÝTUBAKKAHREPPUR
Gamla skólahúsinu - Sími 463 3159



**VÁTRYGGINGAFÉLAG
ÍSLANDS HF**
- þar sem tryggingar snúast um fólk

Þar sem tryggingar snúast um fólk

www.vis.is



**VÁTRYGGINGAFÉLAG
ÍSLANDS HF**
- þar sem tryggingar snúast um fólk

Átt þú rétt á orlofsuppbót?

Eining-löja vill minna félagsmenn sína á rétt sinn til að fá greidda svokallaða orlofsuppbót. Samkvæmt kjarasamningum skal starfsfólk, sem hefur áunnið sér fullan orlofsrétt með starfi hjá sama vinnuveitanda næstliðið orlofsár (1. maí til 30. apríl) og var í starfi í síðustu viku apríl eða fyrstu viku í maí, fá greidda sérstaka eingreiðslu, svokallaða orlofsuppbót.

Samningar við Samtök atvinnulífsins

Starfsfólk, sem hefur áunnið sér fullan orlofsrétt, með starfi hjá sama vinnuveitanda næstliðið orlofsár (1. maí til 30. apríl) og er í starfi í síðustu viku apríl eða í fyrstu viku maí, skal við upphaf orlofstöku eða eigi síðar en 15. ágúst fá greidda sérstaka eingreiðslu, orlofsuppbót, 22.400 krónur á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2006, miðað við fullt starf, en hlutfallslega miðað við starfshlutfall og starfstíma. Fullt starf telst í þessu sambandi 45 unnar vikur eða meira fyrir utan orlof.

Láti starfsmaður af störfum vegna aldurs eða eftir 12 vikna samfelldt starf á orlofsárinu, skal hann við starfslok fá greidda orlofsuppbót vegna áunnins tíma miðað við starfshlutfall og starfstíma. Hið sama gildir þótt starfsmaður sé frá störfum vegna veikinda eftir að greiðsluskyldu vinnuveitanda lýkur eða vegna fæðingarorlofs. Á orlofsuppbót greiðist ekki orlof.

Samningur við Samninganefnd ríkisins

Hinn 1. júní ár hvert skal starfsmaður sem er í starfi til 30. apríl næst á undan, fá greidda sérstaka eingreiðslu, orlofsuppbót, er miðast við fullt starf næstliðið orlofsár. Greitt skal hlutfallslega miðað við starfshlutfall og starfs-

tíma. Orlofsuppbót á árinu 2006 er 22.400 krónur ef miðað er við fullt starf.

Hafi starfsmaður látið af störfum á orlofsárinu vegna aldurs eða eftir a.m.k. 3 mánaða/13 vikna samfelldt starf á orlofsárinu, skal hann fá greidda orlofsuppbót hlutfallslega miðað við unninn tíma og starfshlutfall. Sama gildir ef starfsmaður var lengur frá störfum vegna veikinda eftir að greiðsluskyldu stofnunar lýkur eða vegna fæðingarorlofs allt að sex mánuðum. Orlofsuppbót er föst fjárhæð og tekur ekki breytingum skv. öðrum ákvæðum samningsins. Á orlofsuppbót reiknast ekki orlofsfé.

Orlofsuppbót í flatarmældri ræstingu ákvarðast af fermetrafjölda sem greiddur er tímabilið 1. júní til 30. apríl þannig að 833,33 fermetrar á mánuði teljast fullt starf og færri fermetrar reiknast hlutfallslega.

Samningur við Launaneðnd sveitarfélaga

Hinn 1. maí ár hvert skal starfsmaður, sem er í starfi til 30. apríl, fá greidda sérstaka eingreiðslu, orlofsuppbót, er miðast við fullt starf næstliðið orlofsár. Greitt skal hlutfallslega miðað við starfshlutfall og starfstíma. Orlofsuppbót á árinu 2006 er 22.400 krónur ef miðað er við fullt starf.

Hafi starfsmaður látið af störfum á orlofsárinu vegna aldurs eða eftir a.m.k. 3 mánaða (13 vikna) samfelldt starf á orlofsárinu skal hann fá greidda orlofsuppbót hlutfallslega miðað við unninn tíma og starfshlutfall. Sama gildir ef starfsmaður var frá störfum vegna veikinda eftir að greiðsluskyldu vinnuveitanda lýkur eða vegna fæðingarorlofs allt að 6 mánuðum. Orlofsuppbót er föst fjárhæð og tekur ekki breytingum skv. öðrum ákvæðum samningsins. Á orlofsuppbót reiknast ekki orlofslaun.

Afsláttur hjá Edduhótelum



Edduhótelin buðu nýlega stéttarfélögum að kaupa greiðslumiða fyrir gistingu sumarið 2006 að andvirði kr. 5.400. Hver miði gildir fyrir tvo í gistingu í tveggja manna herbergi með handlaug í eina nótt. Ekki er innifalinn morgunverður.

Eining-löja ákvað að taka þessu boði Edduhótelanna og mun að auki greiða hvern miða niður um kr. 1.000 til félagsmanna sinna, því kostar hver miði kr. 4.400. Ekki verður dregið frá punktainneign félagsmanna vegna þessara greiðslumiða og því er hér um að ræða ágæta kjarabót því samkvæmt verðlista Edduhótelanna fyrir sumarið 2006 á slíkt herbergi að kosta kr. 7.200. Miðana verður hægt að kaupa á skrifstofu Einingar-löju þegar nær dregur sumri.

Leyfilegt er að taka með sér börn í herbergi án þess að greiða aukalega ef fólk hefur svefnpoka eða rúmföt, en Edduhótelin sjá um að útvega dýnu ef með þarf.

Greiðslumiðana má nota á öllum Edduhótelunum


sem eru 15 hringinn í kring um landið. Gestir sjá sjálfir um að bóka gistingu, en hótelin bjóða gistingu ýmist í herbergjum með handlaug eða með baði og sum hvorutveggja. Á Edduhótelunum er boðið upp á fjölbreyttar veitingar.

Sé gist í herbergi m/baði greiðist aukagjald kr. 4.100 á herbergi. Athugið að aukagjald fyrir herbergi m/baði á Hótel Edda Plus er kr. 5.700. Hótel Edda Plus eru Hótel Edda, Akureyri, Laugum í Sælingsdal, Hellissandi og Vík.

Varðandi veitingar þá vilja Edduhótelin taka fram að börn undir fimm ára aldri fá frían mat og börn 6 til 12 ára þurfa einungis að greiða hálf gíald.

Verðlistaverð Edduhótelanna sumarið 2006 er:

Tveggja manna herbergi m/handlaug	kr.	7.200
Tveggja manna herbergi m/handlaug	kr.	11.300
Hótel Edda Plus	kr.	12.900
Morgunverður á mann	kr.	900



TÍU SPENNANDI ÁFANGASTAÐIR

» Iceland Express er á fljúgandi ferð og í vor fjölga áfangastöðunum erlendis í átta. Og sóknin heldur áfram, því í maílok hefjum við beint flug á milli Akureyrar og Kaupmannahafnar. Alls verða áfangastaðir Iceland Express þá orðnir tíu og því enn fleiri sem eiga kost á að ferðast milli landa á þægilegan og ódýran máta.

» Við samgleðjumst Norðlendingum með að eiga þess von bráðar kost að ferðast til útlanda, beint frá sínum heimavelli – án þeirrar fyrirhafnar og aukakostnaðar sem fylgir því að koma sér suður!

» Skelltu þér á www.icelandexpress.is og bókaðu núna!

Verð frá: **7.995 kr.***
Barnaverð: **5.995 kr.***

*Aðra leið með sköttum. Gildir fyrir börn 12 ára og yngri í fylgd með fullorðnum



Iceland Express



Þú færð ókeypis greiðsluþjónustu



Í Gullvild færðu betri kjör og frábæra þjónustu

Gullvild Íslandsbanka er heildarþjónusta sem hentar jafnt einstaklingum sem fjölskyldum og skilar drjúgum ávinningi í formi afsláttar og endurgreiðslu. Auk þess standa þér ýmsir þjónustubættir til boða þér að kostnaðarlausu.

Fáðu nánari upplýsingar um Gullvild hjá þjónustufulltrúum okkar, í þjónustuveri í síma 440 4000 og á isb.is.

GULLVILD
- vertu góðu vanur

Önnur fríðindi:

- 200 friar debetkortafærslur
- 6% endurgreiðsla vaxta
- Ókeypis gulldebetkort
- 50% afsláttur af gullkreditkort
- Betri vaxtakjör
- ... og margt fleira



ÍSLANDBANKI | 100%